

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, Efri-Brú.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 19. desember 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014 frá 28. apríl 2003.

Breytingin felst í því að um 8 ha svæði fyrir frístundabyggð í landi Efri-Brúar breytist í íbúðarsvæði. Svæðið er austan við Þingvallaveg, skammt norðan við byggðakjarnann sem samanstendur af Efri-Brú, Brúarholti, Ljósafossskóla og Írafossvirkjun. Gert er ráð fyrir opnu svæði til sérstakra nota milli væntanlegrar íbúðarbyggðar og frístundabyggðarinnar fyrir norðan.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 19. desember 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.